



Kópavogur 30. apríl 2021

Bæjarráð Kópavogs
Fannborg 2, 200 Kópavogur

Umsókn um 2 lóðir undir rekstur hótels, margskonar afþreyingu, matar-, menningar- og listastarfsemi á Kársnesi.

Nature Experiences ehf sækir hér með um lóðina Vesturvör 38 – 40 og lóð nefnda svæði 7 við Vesturvör undir starfsemi tengda ferðaþjónustu, menningu og mat. Þann 15. júní 2020 sótti Nature Experiences ehf um lóðina að Vesturvör, nefnt svæði 7, sem er næsta lóð sunnan við Sky Lagoon, merkt nr. 1 á meðfylgjandi mynd. Ekki var hægt að verða við umsókninni fyrir en endurskoðað aðalskipulag yrði tilbúið. Sú umsókn er því hér með tekin upp aftur og sótt um báðar lóðirnar, merktar 1 og 2 á meðfylgjandi teikningu. Óskað er eftir því að umsóknirnar tvær verði afgreiddar í sitt hvoru lagi.

Að Nature Experience ehf standa Gestur Þórisson og Eyþór Guðjónsson aðaleigendur Sky Lagoon baðlónsins ásamt fjárfestum og alþjóðlegum rekstraraðilum í afþreyingu og hótélrekstri.

Aðstandendur þessarar umsóknar eru í dag, föstudaginn 30. apríl að opna Sky Lagoon baðlónið á Kársnesi mitt á milli þessarar tveggja lóða og hafa áhuga á því að halda uppbyggingunni áfram í kringum baðlónið með því að byggja upp hverfi í gömlum íslenskum stíl, nefnt Old Town. Það mun bjóða upp á margskonar afþreyingu; söfn, gistimöguleika, matarupplifanir, listir og menningu. Old Town verður byggt upp og hannað með vísan til íslenskrar og samnorðunar menningar og húsagerðarlistar og mun því falla vel að útliti Sky Lagoon.

Kársnesið er sá staður þar sem Kópavogur byggðist fyrst upp og er því tilvalið fyrir hverfi með ofangreinda nálgun þar sem gömul þorp á Íslandi byggðust upp við sjó og einnig vegna þess að hluti afþreyingarinnar mun tengjast sjónum og lífríki hans. Við höfum hug á að tengja Old Town við Kópavogshöfn og bjóða upp á siglingar, m.a. veiðiferðir, fugla- og náttúrskoðunarferðir sem og hvalaskoðunarferðir. Fyrsti bátur Nature Experiences ehf, Jón forseti RE300 verður fluttur í Kópavogshöfn í dag, föstudaginn 30. apríl.

Til að skapa grundvöll að enn fjölbreyttara og áhugaverðara samfélagi í Old Town, verður hluti húsnæðisins fyrir listamenn og skapandi fyrirtæki en það stuðlar að fjölbreyttara mannlífi, skapandi iðnaði og menningu. Fyrirhugað er að setja upp sýningar tengdar íslenskri náttúru og menningu sem og matsölustaði, bari, lítil brugghús, kaffihús og fleira sem höfðar til íbúa Kársnessins þannig að þar myndist skemmtileg blanda innlendra og erlendra gesta. Í skoðun er einnig að opna mathöll með opnu rými þar sem boðið verður upp á lifandi tónlist.

Starfsemin og markaðssetningin á Old Town mun vísa til þess að þar sé það öflugur áfangastaður að allir ferðamenn verði að heimsækja Kársnesið/Old Town, eiga viðskipti í fjölbreyttu umhverfi og dvelja í lengri tíma. Þá er verið að skoða að bjóða upp á ólíka gistimöguleika á svæðinu sem yfir enn frekar undir blómlegt mannlíf.

Það að einum öflugum aðila verði gert kleift að stýra uppbyggingu alls svæðisins, eykur líkur á því að uppbyggingin gangi hratt og snurðulaust fyrir sig tímalega og fjárhagslega og úr verði ein samofin heild með margskonar starfsemi sem mun einnig ganga vel rekstrarlega þegar uppbyggingu lýkur.

Það er stefna Nature Experiences ehf að hefja skipulagsvinnu um leið og kaupin hafa verið tryggð og byggja upp fallegt hverfi, á sem skemmstum tíma, sem byggir á íslenskri hefð. Meginmarkmið nýs deiliskipulags verður að mynda sterkan ramma utan um allsherjar menningar- og afþreyingartengda þjónustu með það að leiðarljósi að skapa forsendur fyrir fjölbreyttu og skapandi samfélagi þar sem gott er að búa, starfa og njóta lífsins fyrir Kópavogsbúa sem og aðra gesti. Kópavogur er og á að vera hjarta höfuðborgarsvæðisins.


Nature Experiences ehf hefur undanfarið ár verið að vinna að hugmyndum um skipulag áður nefndra lóða og óskum hér með eftir því að fá að kynna áætlanir okkar fyrir bæjarráði og forsvarsmönnum Kópavogsbæjar.

F.h. Nature Experiences ehf



Gestur Þórisson

gesturt@gmail.com



Eyþór Guðjónsson

gudjonsson.eythor@gmail.com

Nature Experiences ehf

Engihjalla 8

200 Kópavogur



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

